

Kennsluáætlun

DANSKA

Lota 2

Haust 2018

Bekkur: 9.bekkur

Námsgrein: Danska

Fjöldi kennslustunda:3

Kennari/kennarar: Rebekka Ólafsdóttir

Áfangalýsing

Kennsluaðferðir: Unnið verður í 8-9 vikna lotum, þar sem lagt verður áhersla á mismunandi hæfniviðmið. Notast verður meðal annars við kennslubókina Smil ásamt vinnubók og hlustunarefni. Einnig verður notast við tónlist, kvikmyndir, þætti, frjálslestrarbækur og ýmis forrit og öpp.

Leitast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta, ýmist með einstaklings og hópavinnu, félagakennslu og stöðvavinnu.

Námsmat: Mikil áhersla verður lögð á símat og leiðsagnarmat, til þess að meta námsárangur hvers og eins. Verkefni verða lögð fyrir reglulega, þar sem lögð er áhersla á mismunandi hæfniviðmið innan fagsins, í samræmi við Aðalnámsskrá grunnskóla. Í lok hverrar lotu setja nemendur sér markmið fyrir næstu lotu. Einkunnir verða gefnar í bókstöfum.

Kennarar áskilja sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

Dagsetning	Viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat (nýttu dálkinn líka til að skrifa niður heimanám eða náðir ekki að gera í tímanum)
22. – 26. okt. Skipulagsdagur 26.október	Smil Den farlige verden Lb. 14 – 15 (de,det, fordi, fara yfir og láta nota í E) Vb. 26 – 29	Námshæfni Að nemandi: • geti beitt margvíslegum námsaðferðum til að auðvelda sér námið, t.d. nýtt sér myndir sem fylgja, titil á texta og skoðað samhengi til að auðvelda skilning. • geti beitt á raunsæjan og sanngjarnan hátt sjálfsmati og jafningjamati sem tengist viðfangsefni. • geti nýtt sér hjálpartæki, s.s. orðabækur, veforðasöfn, leitarvélur og námsforrit. • geti unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.	Lesskilningur
29. okt. – 2. nóv. foreldraviðtöl 29.okt	Lb. 16-17 Vb. 31 – 33 Hlustun 6		Samskipti Hlustun
5. – 9. nóv. Gleðidagur 9.nóv Vinavika	Lb. 18-20 Vb. 33- 37 Hlustun 7 Mindmap orðaforði tengdur hræðslu	Hlustun Að nemandi: • skilji venjulegt, talað mál sem varðar daglegt líf og hann sjálfan. • skilji aðalatriðin í t.d. tilkynningum, samtölum og stuttum frásögnum úr því efni sem unnið er með. • geti fylgst með og náð aðalatriðunum þegar fjallað er um efni sem hann þekkir vel og hefur grunnorðaforða um.	Lesskilningur
12. – 16. nóv.	Ritun: segja frá atviki þar sem nemandi varð hræddur ca. 50 orð google classroom		Ritun
19. – 23. nóv.	Lb. 21-22 Vb. 39 Video um höggorma Nemendur æfa og segja blaðalaust sögu sína um	Lesskilningur Að nemandi: • geti lesið stuttan texta og skilið í honum aðalatriðin.	Hlustun

	hræðslu. (sjá ritun 12. – 16. Nóv)	• geti beitt leitarlestri í stuttum textum, þ.e. lesið texta hratt yfir til að finna ákveðnar upplýsingar.	
26. – 30. nóv. Skipulagsdagur 27.nóv	Nemendur lesa upp hræðslufrásögn sína. Lb. 23 Vb. 40 – 41 Dönsk hryllingsmynd	Frásögn Að nemandi: • geti sagt frá sjálfum sér og persónulegum högum sínum. • geti notað grunnorðarforða í efnisflokkum, sem unnið hefur verið með. • geti æft og flutt efni, td stutt atriði, sögu, ljóð eða lag, einn eða með öðrum.	Frásögn
3. – 7. des.	Hlustun 8 Lb. 24 - 25 Vb. 42-45 Jul í Danmark – kynning á verkefni Klára danska hryllingsmynd		Hlustun Lesskilningur Frásögn
10. – 14. des.	Jul í Danmark - dansk julehygge Lokaverkefni		Samskipti Menningarläsi

Markmiðið lotunnar

Að nemandi:

- beiti mismunandi lestraraðferðum (yfirlits-, leitar- og námkvæmnislestur).
- lesi sér til gagns og gamans um efni tengt hræðslu, ótta og hrollvekju.
- lesi stutta fræðslutexta um hvernig ótti verður til, hvaða áhrif hann hefur á fólk og hvernig hægt sé að takast á við hann.
- skilji þegar rætt er á einfaldan hátt um efnið.
- geti rætt á einfaldan hátt og skipst á upplýsingum um það sem þeir óttast og gefið öðrum ráð, út frá orðaforða í þemanu.
- geti skrifað stutta texta um efnið.
- geti skilið þegar þeir heyra einfaldar frásagnir og samtöl tengt þemanu.
- Kynnist dönskum jólahefðum

